

**Menningar, -íþróttá- og tómsundaráð Reykjanesbæjar (MÍT)**  
**og**  
**KFUM og KFUK í Reykjanesbæ**  
**gera með sér eftirfarandi samning:**

**1. Tilgangur og markmið.**

Með samningi þessum er kveðið á um áherslur varðandi innra starf félagsins í Reykjanesbæ og gagnkvæmar skyldur Reykjanesbæjar og KFUM og KFUK og varðandi útfærslu á barna- og unglíngastarfi og öðru starfi á vegum félagsins. Með samningnum er framkvæmd stefna barna- og unglíngastarfs á vegum félagsins á gildistíma samningsins. Sýna skal fram á árangur af starfseminni í ársskýrslu með samanburði við upphafleg markmið.

**2. Hlutverk.**

KFUM og KFUK er sjálfstæð deild innan KFUM og KFUK á Íslandi og starfar samkvæmt lögum og markmiðum þess. Hlutverk félagsins er m.a. að efla og þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu, með áherslu á kristilegt uppeldi.

**3. Fjármál og gagnkvæmar skyldur.**

Við undirritun samnings skal KFUM og KFUK leggja fram áætlun um helstu verkefni og áherslur í barna- og unglíngastarfi á tímabilinu. Félagið skal í áætlunum sínum setja fram skýr markmið um starfsemina, tillögur að settu marki og hvernig skuli staðið að mati á árangri.

- Á gildistíma samningsins greiðir MÍT félaginu **kr. 550.000.-** en auk þess er niðurfelling fasteignagjalda á húsi KFUM og K við Hátún 36 að upphæð **kr. 220.553.-**

Greiðsla MÍT felur í sér eftirfarandi:

A) Efling á innra starfi og kynningarstarfa.

- kr. 150.000.-

B) Leiðtogaþjálfun og fræðsla

- kr. 100.000.-

C) Húsnæðisstyrkur

- kr. 300.000.-

**4. Gildistími samnings.**

Samningur þessi gildir frá undirritun hans til 31. desember árið 2006.

Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningnum innan þess tíma.

Reykjanesbæ \_\_\_\_\_2006.

**Fyrir hönd MÍT**

**Fyrir hönd KFUM og K**

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_